

## **Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa**

Úrskurður uppkveðinn 18. febrúar 2026 í máli nr. 96/2025

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Hildur Ýr Viðarsdóttir lektor og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

### **I**

#### **Aðild og kröfugerð**

Þann 15. júlí 2025 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu leigugjalds að fjárhæð 2.004 evrur. Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðili staðfesti að hann muni ekki krefja sóknaraðila um greiðslu viðgerðarkostnaðar vegna framrúðutjóns á þeirri bifreið sem sóknaraðili leigði af varnaraðila. Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðili bæti úr verklagi í starfsemi sinni. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

### **II**

#### **Málsmeðferð hjá kærunefndinni**

Með tölvubréfi, dags. 17. júlí 2025, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust kærunefndinni 4. september 2025. Athugasemdir sóknaraðila bárust 5. sama mánaðar og athugasemdir varnaraðila 18. desember 2025.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda beggja aðila, afrit af leigusamningi aðila, staðfesting á greiðslu leigugjalds, ljósmyndir sóknaraðila og afrit af skriflegum samskiptum aðila.

Með bréfi, dags. 18. febrúar 2026, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### **III**

#### **Málsatvik og ágreiningsefni**

Sóknaraðili leigði bifreið af gerðinni [...], með skráningarnúmerið [...], hjá varnaraðila frá 18. júní til 1. júlí 2025, og greiddi fyrir það 2.004 evrur. Þann 21. júní eða á þriðja degi leigutímabilsins tilkynnti sóknaraðili varnaraðila um höggskemmd á framrúðu bifreiðarinnar sem leitt hafði til sprungumyndunar í henni. Óskaði sóknaraðili jafnframt eftir leiðbeiningum frá varnaraðila um hvað hann skyldi gera. Sóknaraðili ítrekaði erindi sitt nokkrum sinnum og barst svar varnaraðila sóknaraðila þann 25. júní og var á þá leið að ekki væri þörf á að skipta um leigubifreiðir vegna tjónsins og að sóknaraðila væri óhætt að halda ferðalagi sínu áfram. Sóknaraðili telur að umrætt tjón hafi verið á bifreiðinni fyrir leiguna og kveður að varnaraðili hafi afhent honum bifreið í ótryggu ástandi. Lýtur ágreiningur aðila að því hvort sóknaraðili eigi rétt á fullri endurgreiðslu leigugjalds sökum þessa.

Sóknaraðili vísar til þess að hafa sótt leigubifreiðina skömmu eftir miðnætti á upphafsdegi leigutímabilsins. Hafi starfsmaður varnaraðila ekki yfirfarið bifreiðina með sóknaraðila og bent sóknaraðila á að taka ljósmyndir af bifreiðinni næsta dag. Hafi varnaraðili síðan sent sóknaraðila tölvupóst með ljósmyndum af bifreiðinni sem dagsettar voru 15. júní 2025.

Sóknaraðili ber því við að lítil höggskemmd hafi verið á framrúðu bifreiðarinnar við afhendingu en hann hafi fyrst orðið hennar var á þriðja degi leigutímabilsins. Degi síðar hafi myndast sýnileg sprunga í rúðuna sem stækkaði eftir því sem á hafi liðið. Sökum þessa tjóns hafi sóknaraðili álitid að bifreiðin væri óörugg í akstri. Sóknaraðili kveðst því hafa upplýst varnaraðila um þetta með tölvupósti sama dag og hafi auk þess óskað eftir afhendingu á nýrri bifreið. Þrátt fyrir nokkrar ítrekanir á erindinu hafi varnaraðili ekki haft samband fyrr en 25. júní en ekki boðið fram neina lausn á málinu. Kveðst sóknaraðili hafa ítrekað ósk sína um nýja afhendingu en engin viðbrögð fengið frá varnaraðila. Við skil á bifreiðinni hafi starfsmaður varnaraðila ekki haft neina vitneskju um það sem á undan hafi gengið. Þá hafi viðkomandi starfsmaður haldið því fram að mögulega yrði sóknaraðili talinn ábyrgur fyrir tjóninu og gefið í skyn að þá yrði honum gert að greiða viðgerðarkostnað. Það hafi ekki verið fyrr en sóknaraðili hafi nefnt að hann myndi hafa samband við lögregluna sem varnaraðili féll frá kröfu sinni um að sóknaraðili greiddi viðgerðarkostnað.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi leigt honum bifreið í ótryggu ástandi og án þess að skoðun beggja aðila á henni hafi farið fram í upphafi leigutímans. Krefst sóknaraðili því fullrar endurgreiðslu leigugjalds. Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðili staðfesti skriflega að hann muni ekki krefja hann um greiðslu viðgerðarkostnaðar vegna málsins. Loks krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að uppfæra verklag sitt við leigu á bifreiðum, einkum hvað varði sameiginlega skoðun aðila við upphaf leigutíma og frágang á skjölum þess efnis sem og atvikum á leigutíma sem lúti að öryggi leigðra bifreiða.

Varnaraðili kveðst hafna kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu leigugjalds og vísar til þess að verkferlum hans hafi verið fylgt með fullnægjandi hætti við útleigu bifreiðarinnar til sóknaraðila. Staðfesti framlögð gögn það að framrúða bifreiðarinnar hafi verið í heilu lagi við upphaf leigutímans. Hafi engin gögn verið lögð fram sem renni stoðum undir annað.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðila hafi borist seint svar frá þjónustuveri sínu þar sem honum hafi verið veitt heimild til að halda ferðalagi sínu áfram þrátt fyrir sprungu í framrúðunni. Hafi það verið mat varnaraðila að sprungan hefði ekki áhrif á öryggi bifreiðarinnar og því ekki talin þörf á að skipta út henni fyrir aðra leigubifreið.

#### IV

#### Lagaumhverfi

Varnaraðili starfar samkvæmt lögum nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Í 6. mgr. 6. gr. laganna segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Þá segir í 7. mgr. 6. gr. laganna að ökutækjaleigu beri að tryggja að leigutaka séu ekki settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna skal gerður leigusamningur um leigu ökutækis. Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða í samræmi við 6. gr. laga nr. 65/2015. Í 3. mgr. ákvæðisins kemur fram að ökutækjaleiga skuli gæta þess að leigutakar njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og að leigutaka séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Nánar er mælt fyrir um gerð leigusamnings í fyrrnefndri reglugerð.

## V Niðurstaða

Sóknaraðili leigði bifreið af gerðinni [...] hjá varnaraðila frá 18. júní til 1. júlí 2025. Sóknaraðili greiddi 2.004 evrur til varnaraðila vegna leigunnar. Þann 21. júní tilkynnti sóknaraðili varnaraðila um höggskemmd á framrúðu bifreiðarinnar og sprungu út frá henni. Sóknaraðili óskaði eftir leiðbeiningum frá varnaraðila um hvað hann skyldi gera vegna þessa. Ítrekaði sóknaraðili erindi sitt í nokkur skipti. Svar varnaraðila barst sóknaraðila í tölvupósti þann 25. júní þar sem fram kom að sóknaraðila væri óhætt að halda ferðalagi sínu áfram á bifreiðinni. Sóknaraðili telur að umrætt tjón hafi verið á bifreiðinni fyrir leiguna og kveður varnaraðila hafa afhent honum bifreið í ótryggu ástandi. Varnaraðili ber því við að ekkert tjón hafi verið á framrúðunni við afhendingu bifreiðarinnar til sóknaraðila. Þá hafi varnaraðili ekki talið þörf á því að afhenda sóknaraðila aðra leigubifreið til afnota á leigutímanum þar sem tjónið var ekki talið hafa áhrif á öryggi bifreiðarinnar.

Fjallað er um skyldur varnaraðila í 17. til 22. gr. skilmála hans. Í 17. gr. segir að: „[t]he lessor ensures to supply the vehicle at the agreed time and to see that it meets the demands made for it“. Þá kemur fram í 18. gr. þeirra að: „[i]f the vehicle malfunctions, the lessor is responsible to fix the vehicle as soon as possible“.

Að mati kæruneftdarinnar hafa ekki verið færðar nægjanlegar sönnur fyrir því að bifreiðin hafi ekki verið í samræmi við samning aðila við upphaf leigutímabilsins líkt og sóknaraðili heldur fram en sóknaraðili upplýsti varnaraðila fyrst um höggskemmd á framrúðu bifreiðarinnar á þriðja degi leigunnar. Þá liggur fyrir að varnaraðili staðfesti móttöku tilkynningar sóknaraðila um sprungu í framrúðu bifreiðarinnar og mat sem svo að sprungan hefði ekki áhrif á öryggi hennar og að ekki væri þörf á viðgerð þá þegar eða afhendingu á nýrri bifreið til sóknaraðila. Loks liggur fyrir að sóknaraðili nýtti sér umrædda bifreið frá 18. júní til 1. júlí 2025 eða í tvær vikur, þrátt fyrir skemmdina og án frekari vandkvæða.

Í ljósi alls framangreinds er ekki unnt að fallast á það með sóknaraðila að varnaraðili hafi ekki fullnægt þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt 6. mgr. 6. gr. laga nr. 65/2015 og 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015. Með hliðsjón af framangreindu eru ekki efni til að fallast á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu.

Undir rekstri málsins innti kæruneftdin varnaraðila eftir því hvort hann hafi, frá því kvörtun sóknaraðila var lögð fram fyrir nefndina, krafist greiðslu viðgerðarkostnaðar úr hendi sóknaraðila vegna umþrætt tjóns. Þann 18. desember 2025 veitti varnaraðili kæruneftdinni þær upplýsingar að það hafi hann ekki gert.

Sóknaraðili gerir auk þess kröfu um að varnaraðila verði gert að bæta úr verklagi í starfsemi sinni. Um rekstur varnaraðila og starfsleyfi er fjallað í lögum nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laganna skal Samgöngustofa hafa eftirlit með því að ákvæðum laganna sé fylgt. Í 2. mgr. þeirra kemur fram að Samgöngustofa getur athugað svo oft sem þurfa þykir hvort starfsemi leyfishafa sé í samræmi við ákvæði laganna og reglur sem settar séu á grundvelli þeirra. Er það því ekki á valdsviði kæruneftdar vöru- og þjónustukaupa að bregðast við þessari kröfu sóknaraðila.

**VI**  
**Úrskurðarorð**

Kröfum sóknaraðila, X, er hafnað.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson